

LAND2LF05

Búið til: Fri, 14 Feb 2020 15:06:49 GMT

Titill

Landafræði

Skammstöfun

LAND2LF05

Útgáfunúmer

4

Námsgrein

landafræði

Viðfangsefni

Landafræði

Staða

Samþykkt af skóla

Þrep

2

Einingafjöldi

5

Tillaga að bókstöfum/tölustöfum skóla

Lýsing

Í þessum áfanga er lögð áhersla á að nemendur þekki heiminn, heimsálfurnar og lönd innan þeirra. Nemendur noti öpp og forrit til að kynnst löndum og stöðum og velji sér staði erlendis til að kynna sér betur í lokaverkefni. Lögð er áhersla á sjálfstæð vinnubrögð og upplýsingaleit.

Forkröfur

INN11F05/INNÁ11N05

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- Heimsálfunum og löndum heims
- Mismunandi einkennum heimshluta og landsvæða
- Menningu og menningarmun milli landa og svæða
- Mismunandi náttúrufari í heiminum
- Algengustu tungumálum heimsins

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- Ræða og kynna ólíkar þjóðir og lönd af umburðarlyndi og virðingu
- Afla fjölbreyttra upplýsinga og vinna með þær
- Nota þau forrit og vefi sem í boði eru við vinnslu verkefna
- Verða sjálfbjarga í að leita upplýsinga og koma þeim til skila í verkefnavinnu
- Vinna sjálfstætt og með öðrum til að koma þekkingu sinni á framfæri

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- Staðsetja heimsálfur og lönd, t.d. á landakorti
- Þekkja helstu lönd og einkenni þeirra

- Bera saman menningu og siði svæða og landa heimsins

Námsmat

Í áfanganum er viðhaft símat alla önnina. Öll verkefni gilda til einkunnar og þess vegna er það mikilvægt að nemendur stundi námið reglulega og skili öllum verkefnum.

Skólar**Fyrirmynd**